



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

USK – Hálsahverfi – Grjótháls - deiliskipulag

Á fundi borgarráðs þann 25. maí 2023 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 10. maí 2023, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. maí 2023 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis, ásamt fylgiskjöllum.

Borgarráð samþykkti erindið.
Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er mikilvægt að bjóða upp á möguleika til hraðhleðslu á lykilstöðum í borginni. Það auðveldar fólki sem þarf að nýta einkabíl að vera á rafbíl og auðveldar rekstur leigubíla að geta hlaðið á aðgengilegum stöðum. Þá skiptir máli að þarna er gott aðgengi að spennulínu sem dugir fyrir hraðhleðslu en gæta þarf þess að ef hleðslustæðin eru of mörg er hætt við að þau standi ekki lengur undir því nafni að vera hraðhleðsla.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja mikilvægt að borgin styðji við orkuskipti í samgöngum með skipulagi. Fyrirliggjandi tillaga er samþykkt á þeim forsendum að hér er hleðslustöðvum fjölgað, en þó ekki fyrirhugað að fletta upp þeim bílastæðum sem þegar eru í notkun af starfsfólki á svæðinu, líkt og upprunalegur skilningur á málinu gaf til kynna.

Helga Björk Laxdal
e.u.